

## Erindisbréf barnaverndarnefndar á Norðanverðum Vettfjörðum.

### Stjórnskipuleg staða

Barnaverndarnefnd er skipuð af Bolungarvíkurkaupstað, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhreppi samkvæmt samningi þar um. Nefndin fer með umboð sveitarstjórnanna þriggja í barnaverndarmálum skv. barnaverndalögum nr. 80/2002.

Starfsmenn barnaverndarnefndar eru starfsmenn Skóla- og fjölskylduskrifstofu Ísafjarðarbæjar eins og fram kemur í samningi sveitarstjórnanna.

### Skipan nefndarinnar

Barnaverndarnefnd er skipuð 5 fulltrúum og jafnmörgum til vara. Ísafjarðarbær skipar 3 fulltrúa, Bolungarvíkurkaupstaður og Súðavíkurhreppur hvorn sinn fulltrúa. Barnaverndarnefndin skiptir með sér verkum á fyrsta fundi eftir kosningu.

Starfsmenn barnaverndarnefndar sitja fundi eftir þörfum.

### Hlutverk

Hlutverk barnaverndarnefndar er

- að kanna aðbúnað, háttarni og uppeldisskilyrði barna og meta þarfir þeirra sem ætla má að búi við óviðunandi aðstæður skv. 1. lið 12.gr. barnaverndarlaga.
- að beita úrræðum skv. barnaverndarlögum til verndar börnum og heppilegust þykja til að tryggja hagsmuni og velferð barna skv. 2. lið 12. gr. bvl.
- að sinna verkefnum á sviði barnaverndarlaga, ættleiðingarlaga, barnalaga og reglugerða sem við eiga,
- að sjá um að veitt sé sú þjónusta sem áskilin er í lögum,
- að vera sveitarstjórnunum til ráðgjafar hvað varðar stefnumótun í almennri barnavernd og vinna tillögur að forgangsroðun
- að gera tillögur um úrbætur í þeirri starfsemi sem undir nefndina heyrar,
- að upplýsa bæjarbúa um réttindi þeirra og skyldur
- að sinna öðrum verkefnum sem barnaverndarnefnd er falið í lögum eða sveitarstjórnir fela henni.

Barnaverndarnefnd gerir tillögu til sveitarstjórnanna um fjárhagsáætlun sem varðar verksvið nefndarinnar. Barnaverndarnefnd hefur eftirlit með því að starfsmenn starfi innan ramma laga og samþykkrar fjárhagsáætlunar á hverjum tíma.

Hlutverk barnaverndarnefndar er hvort tveggja stefnumótun og afgreiðsla einstakra mála skv. barnaverndarlögum. Samkvæmt 13. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er sveitarstjórnnum óheimilt að gefa fyrirmæli um meðferð einstakra mála, þær hafa ekki aðgang að gögnum eða upplýsingum um einstök barnaverndarmál og úrskurðum barnaverndarnefndar verður ekki skotið til sveitarstjórnar.

### Starfshættir

Um starfshætti nefnda er sérstaklega getið í bæjarmálasamþykkt sveitarfélaganna og skal þeim fylgt eftir því sem við á.

Barnaverndarnefnd kemur saman fyrir luktum dýrum á fastákveðnum fundartíma að jafnaði tvisvar í mánuði. Skal nefndin gera samþykkt um fundartíma á fyrsta fundi eftir skipan.

Nefndin skal halda gerðarbók. Kjörinn eða ráðinn ritari færir fundargerð í gerðarbókina. Í gerðarbók skal skrá hvar og hvenær fundur er haldinn, hverjir sitji hann og hvenær honum lýkur. Skrá skal almenn mál, sem tekin eru fyrir á fundinum, hvenær þau komu til, nöfn hlutaðeigandi, meginefni og afgreiðslu nefndarinnar. Í lok fundar skal ritari lesa fundargerðina upp og allir viðstaddir undirrita hana. Fundargerð er varðveitt í lausblaðamöppu barnaverndarnefndar. Ritari nefndarinnar sér um að koma fundargerð til sveitarstjórnanna þriggja svo hún verði lögð fram með dagskrá næsta sveitarstjórnarfundar.

Viðkvæm mál og einstaklingsmál skal færa til bókar í sérstaka gerðarbók trúnaðarmála og koma ekki fram í almennri fundargerð. Slíkar ákvarðanir sem teknar eru á grundvelli barnaverndarlaga, ættleiðingarlaga og barnalaga eru trúnaðarmál og þurfa ekki samþykki sveitarstjórna.

Formaður og/eða starfsmaður sér um boðun funda. Fundarboðun skal vera skrifleg og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en sólarhring fyrir fund, nema ef um neyðartilvik er að ræða. Formaður stýrir fundum nefndarinnar.

Um ályktunarhæfi og form úrskurða fer skv. 49. gr. barnaverndarlaga 80/2002.

### **Eftirfylgd**

Formaður og aðrir fulltrúar skulu snúa sér til forstöðumanns Skóla- og fjölskylduskrifstofu með eftirfylgni staðfesta samþykktu nefndarinnar sem varða einstaklingsmál en til framkvæmdarstjóra sveitarfélaganna með önnur almenn mál.

### **Réttindi og skyldur fulltrúa**

Um réttindi og skyldur fulltrúa gilda ákvæði barnaverndarlaga, sveitarstjórnarlaga og bæjarmálasamþykkt eftir atvikum.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögmæt forföll hamli. Forföll skal tilkynna til ritara Skóla- og fjölskylduskrifstofu sem sér um að kalla til varafulltrúa.

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til formanns og/eða starfsmanns a.m.k. tveimur sólarhringum fyrir fund.

Fundarmenn skulu vinna eftir meginreglum barnaverndarlaga og eigin sannfæringu. Í almennum málum skulu fundarmenn hafa hag sveitarfélagana að leiðarljósi við störf sín.

Fundarmenn eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir barnaverndarnefnd og ætla má að leynt skuli fara skv. eðli máls eða lögum. Þagnarskylda helst óbreytt þótt fulltrúar hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á hennar vegum.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo mjög að ætla má að það móti viljaafstöðu hans að einhverju leyti. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

### **Starfsmannamál**

Barnaverndarnefnd fjallar um umsóknir og gerir tillögur til sveitarstjórna um ráðningu yfirmanna sem undir nefndina heyra.

Ísafjarðarbær, Stjórnsýsluhúsinu,  
Hafnarstræti 1, 400 Ísafirði.

### **Lög og reglugerðir**

Í störfum sínum skal nefndin taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem um starfsvið hennar gildi hverju sinni.

Lagt fyrir barnaverndarnefnd 17. mars 2003 og endurskoðuð útgáfa lögð fyrir bvn. 9. apríl og 16. apríl 2003. Samþykkt sem tillaga til sveitarstjórnanna þriggja 16. apríl 2003.

Erindisbréfið lagt fram á fundi bæjarráðs Ísafjarðarbæjar 12. maí 2003.

Tekið fyrir á fundi barnaverndarnefndar þann 4. júní 2003 og lagt fram samþykki sveitarstjórnanna þriggja.